

GJALDSKRÁ

Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins.

1. gr.

Gildissvið o.fl.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu kostnaðar vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gjaldskráin gildir einnig um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, greiðslu kostnaðar við afgreiðslu umsókna um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa skv. 30. gr. laga nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf og þóknanir fyrir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingum og viðaukum við þær skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjármálaeftirlitið upplýsir aðila um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald.

Fyrir afgreiðslu á málum samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald sem nemur 15.000 krónum fyrir vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og 20.000 krónum fyrir aðkeypta sérfræðipjónustu, nema annað leiði af einstökum ákvæðum gjaldskrárinnar.

Gjaldið skal greitt samkvæmt reikningi sem Seðlabankinn gefur út við lok afgreiðslu máls ásamt tímaskýrslu um fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna. Seðlabankanum er þó heimilt á hvaða stigi máls sem er að fara fram á greiðslu áfallins kostnaðar.

3. gr.

Nauðsynlegt umframeftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða fyrir nauðsynlegt umframeftirlit Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt sérstakri ákvörðun Seðlabankans, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, þ.m.t. kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Komi til greina að leggja kostnað á eftirlitsskyldan aðila vegna umframeftirlits skv. 1. mgr. upplýsir Fjármálaeftirlitið um tímagjald starfsmanna, annarrar aðkeyptrar sérfræðipjónustu og annan áætlaðan kostnað.

Kostnaðurinn skal greiddur samkvæmt reikningi sem Seðlabankinn gefur út að loknu umfram-
eftirliti. Reikningnum skulu fylgja tímaskýrslur um fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í umframeftirlitið og upplýsingar um útlagðan kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings.

4. gr.

Afgreiðsla umsókna um starfsleyfi.

Fastagiöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila skulu vera í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Gjaldið skal greitt við afhendingu umsókna til Fjármálaeftirlitsins og er að jafnaði óendurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað sé um útgáfu starfsleyfis.

5. gr.

Afgreiðsla og skráning sértækra staðfestingar og mats.

Fyrir afgreiðslu og skráningu eftirfarandi sértækra staðfestinga og mats, sem leiða af starfsemi Fjármálaeftirlitsins, en teljast ekki þáttur í reglubundnu eftirliti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, skulu eftirlitsskyldir aðilar, og eftir atvikum aðrir aðilar, greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar:

1. Umsókn um aukið starfsleyfi (viðbótarstarfsleyfi) eða breytingu á tegund starfsleyfis.
2. Umsókn um samruna, skiptingu eða yfirfærslu rekstrarhluta, sbr. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og VII. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

3. Tilkynning um virkan eignarhlut, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002, X. kafla laga nr. 100/2016, II. kafla laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu og III. kafla laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris.
4. Tilkynning vegna fyrirhugaðrar veitingar þjónustu erlendis án stofnunar útibús, með stofnun útibús eða í gegnum umboðsaðila, sbr. V. kafla laga nr. 161/2002, X. kafla laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, XX. kafla laga nr. 100/2016, II. kafla laga nr. 120/2011, III. kafla laga nr. 17/2013 og VIII. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
5. Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs, sbr. II. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði.
6. Umsókn rekstraraðila sérhæfðra sjóða um staðfestingu á fjárfestingarsjóði, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020.
7. Tilkynning um fyrirhugaða markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs erlendis, sbr. II. kafla laga nr. 128/2011.
8. Tilkynning rekstraraðila um markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluti sérhæfðs EES-sjóðs í rekstri hans til fagfjárfesta, sbr. 1. mgr. 56. gr. og 1. mgr. 57. gr. laga nr. 45/2020.
9. Umsókn um skráningu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. 7. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
10. Umsókn rekstraraðila um heimild til markaðssetningar sérhæfðs sjóðs hér á landi skv. 1. mgr. 63. gr., 1. mgr. 64. gr., 2. mgr. 64. gr. eða 1. mgr. 65. gr. laga nr. 45/2020.
11. Umsókn fjármálafyrirtækis um heimild til að varðveita fjármálagerninga á safnreikningi, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007.
12. Umsókn um heimild fyrir einkaumboðsmann til að starfa í þágu fjármálafyrirtækis, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007.
13. Umsókn um undanþágu frá tilboðsskyldu, sbr. X. kafla laga nr. 108/2007.
14. Umsókn um staðfestingu tilboðsyfirlits, sbr. XI. kafla laga nr. 108/2007.
15. Umsókn um heimild til að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni skv. 5. mgr. 84. gr. e laga nr. 161/2002.
16. Umsókn um skráningu sem lánveitandi eða lánamiðlari, sbr. XIII. og XIV. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.
17. Samþykki vegna notkunar eigin stika váttryggingafélags, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 100/2016.
18. Umsókn um heimild til að nota eigið líkan við útreikning á gjaldþolskröfu, sbr. 104. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 21. gr. laga nr. 60/2017 um váttrygginga-samstæður.
19. Umsókn um skráningu einstaklinga og lögaðila sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð, þjónustuveitenda viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitenda stafrænna veskja, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sé beiðni samkvæmt þessari grein hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla Fjármálaeftirlitsins er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu.

6. gr.

Lýsingar.

Fyrir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu, skjala sem ætlað er að verða hluti lýsingar og viðauka við lýsingu skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fyrir skráningu á endanlegum skilmálum grunnlýsinga, almennri útgefandalýsingu og breytingum á henni skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Fyrir eftirlitsverkefni í tengslum við athugun á auglýsingum lýsinga skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Sé hætt við útboð eða töku verðbréfa til viðskipta eftir að afgreiðsla er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyprtar sérfræðiþjónustu. Seðlabankanum er heimilt á hvaða stigi máls að fara fram á greiðslu áfallins kostnaðar.

7. gr.

Endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs.

Tilboðsgjafi eða útgefandi skal greiða fyrir endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007. Fyrir vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar. Sé verðmat framkvæmt af utanaðkomandi matsaðila skal tilboðsgjafi eða útgefandi greiða fyrir verðmatið samkvæmt reikningi matsaðila, í samræmi við 2. gr. gjaldskrárinnar.

Dragi tilboðsgjafi eða útgefandi ósk sína um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs til baka eftir að endurskoðun er hafin skal viðkomandi greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna utanaðkomandi matsaðila.

8. gr.

Afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fyrir afgreiðslu umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sbr. 30. gr. laga nr. 11/2008, skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Sé umsókn hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyprtar sérfræðiþjónustu.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi er sett af Seðlabanka Íslands á grundvelli 4. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007, 30. gr. laga nr. 11/2008 og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Seðlabanka Íslands nr. 321/2020.

Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2020.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.